

2. Fyrir fullorðna (16 ára og eldri), sem búa við andlega þroskahömlum (þ.m.t. CP 343.9 og autismus 299.0) og dveljast á vistheimilum eða sambýlum fyrir þroskahamlaða.

2. gr.

Reglur þessar eru settar að fengnum tillögum tryggingaráðs, skv. c. lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um ráðstöfun hluta tekna vegna sölu fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókn- og þróunarstarfs.

1. gr.

Verja skal 20% af andvirði allra seldra fyrirtækja og hlutabréfa í eigu A- og B-hluta stofnana ríkisins til rannsókn- og þróunarstarfs sbr. þó 2. gr. Miða skal við innborgað söluverðmæti næsta árs á undan.

2. gr.

Þó að fjárhæð skv. 1. gr. nái ekki 100 m.kr. skal fjárframlag til rannsókn- og þróunarstarfs samkvæmt þessum reglum nema a.m.k. 100 m.kr. árlega.

Ef innborgað söluandvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa fer á einu ári umfram 500 m.kr. komi 20% af umframfjárhæðinni til útborgunar næstu tvö ár á eftir. Viðbótarútborgunin verði hins vegar takmörkuð við það að samanlögð framlög fari ekki umfram 20% af heildarsöluandvirði frá 1992 að telja.

3. gr.

Af fjárhæð sem er til ráðstöfunar samkvæmt reglum þessum hverju sinni skal 85% renna til Rannsóknaráðs Íslands og 15% til annarra verkefna samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Rannsóknaráð skal árlega gera grein fyrir þeim verkefnum sem styrkt eru með fjárframlögum samkvæmt þessum reglum.

4. gr.

Reglur þessar sem eru settar á grundvelli liðar 5.3 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 skulu gilda á meðan slíkt ákvæði er í fjárlögum hvers árs.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 157/1995 um ráðstöfun tekna vegna sölu ríkisfyrirtækja til rannsókn- og þróunarstarfs og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. apríl 1995.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.